



BARNAVERNDARSTOFA

Samanburður á fjölda tilkynninga til barnaverndarnefnda og fjölda umsókna um þjónustu til Barnaverndarstofu fyrstu níu mánuði áranna 2008 og 2009

Febrúar 2010

Fjölgun tilkynninga í barnaverndarmálum

Þegar fyrstu níu mánuðir áráanna 2008 og 2009 eru bornir saman kemur í ljós að tilkynningum hefur fjölgað úr 5.940 í 6.906. Fjölgunin milli ára er rúmlega 16%. Fjölgunin á höfuðborgarsvæðinu er rúmlega 22% en rúmlega 4% á landsbyggðinni.

Fyrstu níu mánuði ársins 2009 eru flestar tilkynningar vegna áhættuhegðunar barna eða 46,4% allra tilkynninga. Alls eru 35,1% tilkynninga vegna vanrækslu á börnum, 18,1% vegna ofbeldis gegn börnum og 0,4% vegna þess að heilsu eða lífi ófædds barns var stefnt í hættu. Í sískráningu barnaverndarnefnda var á árinu 2009 í fyrsta sinn spurt sérstaklega um áfengis-og fíkniefnaneyslu foreldra og heimilisofbeldi. Fyrstu níu mánuði ársins 2009 eru 606 tilkynningar þar sem tilkynnt er um vanrækslu og fram kemur að foreldrar eru í áfengis-og eða fíkniefnaneyslu. Það er tæplega 9% af heildarfjölda tilkynninga. Í tilkynningum um ofbeldi kemur fram að í 194 tilvikum er um heimilisofbeldi að ræða, eða tæplega 3% af heildarfjölda tilkynninga til nefndanna.

Tilkynnt er um 5.704 börn á fyrstu níu mánuðum ársins 2009 en sambærileg tala fyrir árið 2008 var 5.032. Tilkynnt hefur því verið um rúmlega 13% fleiri börn á fyrstu níu mánuðum ársins 2009 en 2008.

Umsóknum um meðferðarheimili hefur fjölgað á þessu tímabili. Umsóknir voru 115 á fyrstu níu mánuðum ársins 2009 en fyrstu níu mánuði ársins 2008 voru þær 101. Flestar umsóknir voru frá Reykjavík og nágrenni Reykjavíkur eða 76,5% umsókna, en 23,5% umsókna voru frá nefndum á landsbyggðinni. Umsóknum um meðferð hefur fækkað frá nefndum á landsbyggðinni, en fjölgað frá Reykjavík og nágrenni Reykjavíkur miðað við fyrstu 9 mánuði ársins 2008. Umsóknir fyrstu níu mánuði ársins 2009 eru einni fleiri fyrir drengi en fyrir stúlkur og meðalaldur barnanna sem sótt var um meðferð fyrir er rúmlega 15 ár.

Á neyðarvistun Stuðla voru fyrstu níu mánuði ársins 2009 192 vistanir, en vistunardagar samtals 1.160. Fyrstu mánuði ársins 2008 var ekki hægt að fullnýta neyðarvistun vegna bruna sem þar hafði átt sér stað. Raunhæfast er því að bera saman við árið 2007, en fyrstu níu mánuði þess árs voru fjöldi vistana 151, en vistunardagar 867. Fjöldi einstaklinga fyrstu níu mánuði ársins 2009 voru 88, en 81 fyrir sama tímabil árið 2007. Vistanir hafa því aukist um 27% og vistunardagar um 34% fyrir umrætt tímabil.

Fjöldi vistana og fjöldi vistunardaga fyrstu níu mánuði ársins 2009 er því nokkru meiri en áður hefur verið mest í neyðarvistun.

Alls bárust 46 umsóknir um MST fyrstu níu mánuði ársins 2009. Rúmlega 65% barnanna sem sótt var um fyrir eru drengir og meðalaldur þeirra 14,4 ár.

Umsóknum um fósturheimili fyrir börn fjölgaði úr 75 í 77 á umræddu tímabili. Fjölgunin stafar af fleiri umsóknum um tímabundið fóstur, en umsóknir um varanlegt fóstur og styrkt fóstur eru færri fyrstu níu mánuði ársins 2009 en fyrir sama tímabil árið 2008. Drengir eru í meirihluta þeirra barna sem sótt er um fóstur fyrir og er meðalaldur barnanna fyrstu níu mánuði ársins 2009 tæplega 13 ára.

Umsóknum fólks sem óskar eftir að gerast fósturforeldrar fjölgaði og voru umsóknir 44 á fyrstu níu mánuðum ársins 2008 en voru 54 fyrstu níu mánuði ársins 2009.

Í eftirfarandi töflum má sjá sundurliðun á þessum samanburði.

Tilkynningar til barnaverndarnefnda

Fjöldi tilkynninga

Barnaverndarnefnd	Fyrstu 9 mán 2008		Fyrstu 9 mán 2009	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Reykjavík	2.729	46,0	3.310	47,9
Seltjarnarnes	62	1,0	47	0,7
Kópavogur	461	7,8	539	7,8
Garðabær	84	1,4	114	1,7
Hafnarfjörður	395	6,7	516	7,5
Álftanes	46	0,8	68	1,0
Reykjanesbær	423	7,1	441	6,4
Grindavík	49	0,8	86	1,2
Sandgerði	168	2,8	163	2,4
Mosfellsbær	182	3,1	248	3,6
Akranes	127	2,1	125	1,8
Borgarfjarðar og Dala	19	0,3	39	0,6
Snæfellinga	34	0,6	35	0,5
Norðanverðir Vestfirðir	132	2,2	99	1,4
Vesturbyggð og Tálknafjörður	19	0,3	11	0,2
Húnaþing vestra	13	0,2	23	0,3
A-Hún	14	0,2	14	0,2
Skagafjörður	18	0,3	58	0,8
Útey	57	1,0	68	1,0
Eyjafjörður	251	4,2	271	3,9
Grimsey	0	0,0	0	0,0
Þingeyingar	66	1,1	100	1,4
Fljótshálsa	61	1,0	62	0,9
Fjarðabyggð	79	1,3	50	0,7
Hornafjörður	24	0,4	29	0,4
Árborg	119	2,0	127	1,8
Uppsveitir Árnessýslu	38	0,6	36	0,5
Hveragerði	22	0,4	30	0,4
Ölfus	11	0,2	6	0,1
Rang. valla- og V-Skaftafellss.	57	1,0	34	0,5
Vestmannaeyjar	180	3,0	157	2,3
Samtals	5.940	100,0	6.906	100,0

Fjöldi tilkynninga eftir landsvæði

Landsvæði	Fyrstu 9 mán 2008		Fyrstu 9 mán 2009	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Höfuðborgarsvæði*	3.959	66,6	4.842	70,1
Landsbyggð	1.981	33,4	2.064	29,9
Samtals	5.940	100,0	6.906	100,0

* Höfuðborgarsvæðið eru öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu: Reykjavík, Hafnarfjörður, Garðabær, Álftanes, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

Fjöldi barna sem tilkynnt er um*

Barnaverndarnefnd	Fyrstu 9 mán 2008		Fyrstu 9 mán 2009	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Reykjavík	2.140	42,5	2.501	43,8
Seltjarnarnes	51	1,0	39	0,7
Kópavogur	396	7,9	467	8,2
Garðabær	81	1,6	109	1,9
Hafnarfjörður	356	7,1	452	7,9
Álftanes	37	0,7	51	0,9
Reykjanesbær	375	7,5	364	6,4
Grindavík	49	1,0	82	1,4
Sandgerði	164	3,3	159	2,8
Mosfellsbær	173	3,4	237	4,2
Akranes	115	2,3	106	1,9
Borgarfjarðar og Dala	19	0,4	38	0,7
Snæfellinga	26	0,5	33	0,6
Norðanverðir Vestfirðir	112	2,2	95	1,7
Vesturbyggð og Tálknafjörður	18	0,4	11	0,2
Húnaþing vestra	13	0,3	23	0,4
A-Hún	14	0,3	14	0,2
Skagafjörður	15	0,3	57	1,0
Útey	56	1,1	60	1,1
Eyjafjörður	215	4,3	218	3,8
Grímsey	0	0,0	0	0,0
Þingeyingar	63	1,3	92	1,6
Fljótsdalshérað	57	1,1	56	1,0
Fjarðabyggð	78	1,6	48	0,8
Hornafjörður	22	0,4	26	0,5
Árborg	118	2,3	125	2,2
Uppsveitir Árnassýslu	37	0,7	29	0,5
Hveragerði	20	0,4	30	0,5
Ölfus	11	0,2	6	0,1
Rang.valla- og V-Skaftafellss.	55	1,1	32	0,6
Vestmannaeyjar	146	2,9	144	2,5
Samtals	5.032	100,0	5.704	100,0

*Tölur um fjölda barna sem tilkynnt var um eru fengnar þannig að fjöldi barna sem tilkynnt er um í hverjum mánuði fyrir sig er lagður saman. Tilkynningar geta borist um sama barnið á milli mánaða, þannig að hér er ekki alltaf um að ræða fjölda einstaklinga yfir ákveðið tímabil heldur, samanlagðan heildarfjölda barna í hverjum mánuði fyrir sig.

Fjöldi barna sem tilkynnt er um eftir landsvæði

Landsvæði	Fyrstu 9 mán 2008		Fyrstu 9 mán 2009	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Höfuðborgarsvæði	3.234	64,3	3.856	67,6
Landsbyggð	1.798	35,7	1.848	32,4
Samtals	5.032	100,0	5.704	100,0

* Höfuðborgarsvæðið eru öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu: Reykjavík, Hafnarfjörður, Garðabær, Álftanes, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

Fjöldi barna þar sem ákveðið var að hefja könnun*

	Fyrstu 9 mán 2008		Fyrstu 9 mán 2009	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
	2.219	44.1	2.680	47,0

*Hlutfall af fjölda barna sem tilkynnt var um

Fjöldi tilkynninga frá Neyðarlínunni 112

Barnaverndarnefnd	Fyrstu 9mán 2008		Fyrstu 9 mán 2009	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Reykjavík	217	71,4	224	61,7
Seltjarnarnes	0	0,0	3	0,8
Kópavogur	18	5,9	37	10,2
Garðabær	2	0,7	2	0,6
Hafnarfjörður	2	0,7	14	3,9
Álftanes	3	1,0	3	0,8
Reykjanesbær	14	4,6	31	8,5
Grindavík	0	0,0	4	1,1
Sandgerði	4	1,3	6	1,7
Mosfellsbær	6	2,0	11	3,0
Akranes	1	0,3	0	0,0
Borgarfjarðar og Dala	0	0,0	1	0,3
Snæfellinga	1	0,3	1	0,3
Norðanverðir Vestfirðir	6	2,0	0	0,0
Vesturbyggð og Tálknafjörður	1	0,3	0	0,0
Húnaþing vestra	0	0,0	2	0,6
A-Hún	1	0,3	0	0,0
Skagafjörður	1	0,3	0	0,0
Útey	1	0,3	0	0,0
Eyjafjörður	20	6,6	13	3,6
Grímsey	0	0,0	0	0,0
Þingeyingar	0	0,0	0	0,0
Fljótsdalshérað	2	0,7	1	0,3
Fjarðabyggð	0	0,0	5	1,4
Hornafjörður	0	0,0	1	0,3
Árborg	3	1,0	4	1,1
Uppsveitir Árnassýslu	0	0,0	0	0,0
Hveragerði	0	0,0	0	0,0
Ölfus	0	0,0	0	0,0
Rang.valla- og V-Skaftafellss.	1	0,3	0	0,0
Vestmannaeyjar	0	0,0	0	0,0
Samtals	304	100,0	363	100,0

Allar tilkynningar frá Neyðarlínunni 112

Athugið að tilkynningar sem berast Neyðarlínunni 112 eru fleiri en nefndir gefa upp. Ýmsar ástæður geta verið á mismuninum milli tilkynninga til Neyðarlínunnar og skráðra tilkynninga hjá nefndunum. Sumt sem tilkynnt er til 112 er ekki flokkað sem barnaverndartilkynning hjá nefndum og telst því ekki með í heildarfjölda tilkynninga.

Tilkynningar sem bárust Neyðarlínunni 112

	Fyrstu 9 mán	Fyrstu 9 mán
	2008	2009
Fjöldi tilkynninga		
Heildarfjöldi tilkynninga	387	449

Ástæður tilkynninga*

Ástæður tilkynninga	Fyrstu 9 mán 2008		Fyrstu 9 mán 2009	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Vanræksla	1.745	29,3	2.426	35,1
Líkamleg vanræksla	86	1,4	116	1,7
Vanræksla varðandi umsjón og eftirlit *Þar af foreldrar í áfengis-og fíkniefnaneyslu	1.449	24,4	1956	28,3
Vanræksla varðandi nám	63	1,1	81	1,2
Tilfinningaleg vanræksla	196	3,3	312	4,5
Ofbeldi	1.090	18,4	1.251	18,1
Tilfinningalegt/sálrænt ofbeldi *þar af heimilisofbeldi	391	6,6	528	7,6
Líkamlegt ofbeldi	363	6,1	414	6,0
Kynferðislegt ofbeldi	349	5,9	321	4,6
Áhættuhegðun	3.061	51,5	3.201	46,4
Neysla barns á vímuefnum	432	7,3	452	6,5
Barn stefnir eigin heilsu og þroska í hættu	721	12,1	829	12,0
Afbrot barns	1.528	25,7	1.475	21,4
Barn beitir ofbeldi	237	4,0	297	4,3
Erfiðleikar barns í skóla, skólasókn áfátt	167	2,8	183	2,6
Heilsa eða líf ófædds barns í hættu	44	0,7	28	0,4
Tilkynningar alls	5.940	100,0	6.906	100,0

Hversu oft var barn í yfirvofandi hættu

70

131

* Athugið að aðeins má merkja við eina aðalástæðu fyrir hverja tilkynningu. Hins vegar má merkja við fleiri undirástæður t.d. innan vanrækslu. Ef ein tilkynning berst um vanrækslu skal merkja við vanrækslu sem aðalflokk en merkja má t.d. við bæði líkamlega vanrækslu og tilfinningalega. Samanlagður fjöldi aðalflokkanna fjögurra stemmir því við fjölda tilkynninga en fjöldi innan hvers aðalflokks þarf ekki að stemma við heildartöluna.

*Fyrst var spurt um áfengis-og fíkniefnaneyslu foreldra og heimilisofbeldi í sískráningu 2009

Tilkynnendur

Tilkynnendur	Fyrstu 9 mán 2008		Fyrstu 9 mán 2009	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Barnið sjálf	26	0,4	36	0,5
Ættingjar barns aðrir en foreldrar	326	5,5	377	5,5
Nágrannar	398	6,7	554	8,0
Önnur barnaverndarnefnd	130	2,2	169	2,4
Þjónustumiðst./starfsm.félagsþjónustu	132	2,2	141	2,0
Lögregla	3.253	54,8	3.470	50,2
Skóli, sérfræðiþj., fræðslu- eða skólaskr.	480	8,1	648	9,4
Leikskóli/gæsluforeldri	64	1,1	132	1,9
Læknir/heilsugæsla/sjúkrahús	364	6,1	432	6,3
Foreldrar barns	493	8,3	621	9,0
Aðrir	274	4,7	326	4,7
Samtals	5.940	100,0	6.906	100,0

Umsóknir um meðferð

Tegund meðferðar

Tegund meðferðar	Fyrstu 9 mán 2008		Fyrstu 9 mán 2009	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Stuðlar	42	41,6	49	42,6
Götusmiðjan	34	33,7	38	33,0
Langtímameðferð	25	24,6	28	24,3
Samtals	101	100,0	115	100,0

Umsóknir eftir landsvæði

Landsvæði	Fyrstu 9 mán 2008		Fyrstu 9 mán 2009	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Reykjavík	41	40,6	48	41,7
Nágrenni Reykjavíkur*	25	24,8	40	34,8
Landsbyggð	35	34,7	27	23,5
Samtals	101	100,0	115	100,0

*Nágrenni Reykjavíkur eru öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu nema Reykjavík: Hafnarfjörður, Garðabær, Álftanes, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

Kyn barna sem sótt er um meðferð fyrir

Kyn	Fyrstu 9 mán 2008		Fyrstu 9 mán 2009	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Drengir	48	47,5	58	50,4
Stúlkur	53	52,5	57	49,6
Samtals	101	100,0	115	100,0

Meðalaldur barna sem sótt er um meðferð fyrir

Meðalaldur barna	Fyrstu 9 mán 2008		Fyrstu 9 mán 2009	
	Meðalaldur barna	15,6		15,3

Umsóknir um MST

Alls bárust 46 umsóknir um MST fyrstu 9 mánuði ársins 2009.

Umsóknir eftir landsvæði

Landsvæði	Fyrstu 9 mán 2009	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Reykjavík	20	43,5
Aðrir	26	56,5
Samtals	46	100,0

Kyn barna sem sótt er um MST fyrir

Kyn	Fyrstu 9mán 2009	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Drengir	30	65,2
Stúlkur	16	34,8
Samtals	46	100,0

Meðalaldur barna sem sótt var um MST fyrir

Meðalaldur barna	Fyrstu 9 mán 2009
	Meðalaldur barna

Umsóknir um fóstur

Tegund fósturs

Tegund fósturs	Fyrstu 9 mán 2008		Fyrstu 9 mán 2009	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
	Tímabundið	47	62,7	60
Varanlegt	14	18,7	6	7,8
Styrkt	14	18,7	11	14,3
Samtals	75	100,0	77	100,0

Umsóknir eftir landsvæði

Landsvæði	Fyrstu 9 mán 2008		Fyrstu 9 mán 2009	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
	Reykjavík	29	38,7	39
Nágrenni Reykjavíkur*	19	26,3	16	20,8
Landsbyggð	27	36,0	22	28,6
Samtals	75	100,0	77	100,0

*Nágrenni Reykjavíkur eru öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu nema Reykjavík: Hafnarfjörður, Garðabær, Álftanes, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

Kyn barna sem sótt er um fóstur fyrir

Kyn	Fyrstu 9 mán 2008		Fyrstu 9 mán 2009	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
	Drengir	41	54,7	43
Stúlkur	34	45,3	34	44,2
Samtals	75	100,0	77	100,0

Meðalaldur barna sem sótt er um fóstur fyrir

Meðalaldur barna	Fyrstu 9 mán	
	2008	2009
Tímabundið	12,0	13,0
Varanlegt	8,4	14,2
Styrkt	14,4	11,6
Samtals	11,8	12,9

Umsóknir um þýskt fóstur

Barnaverndarstofa er auk þess með samning við þýsku fyrirtækin Martiswerk eV Dorlar og Mut Zur Zukunft. Hvoru tveggja þessara fyrirtækja hafa heimild þýskra yfirvalda til að ráðstafa börnum í fóstur. Litið er á ráðstafanir þeirra sem fullt ígildi fósturráðstöfunar.

Umsóknir um þýskt fóstur

Þýskt fóstur	Fyrstu 9 mán	
	2008	2009
	<i>Fjöldi</i>	<i>Fjöldi</i>
Fjöldi	2	10

Umsókn um leyfi til að gerast fósturforeldrar

Hvaðan koma umsóknir?	Fyrstu 9 mán		Fyrstu 9 mán	
	2008		2009	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Reykjavík og nágrenni	21	47,7	27	50,0
Vesturland	4	9,1	7	13,0
Vestfirðir	1	2,3	2	3,7
Norðurland	10	22,7	8	14,8
Austurland	3	6,8	2	3,7
Suðurland	4	9,1	6	11,1
Reykjanes	1	2,3	2	3,7
Fólk búsett erlendis	0	0,0	0	0,0
Samtals	44	100,0	54	100,0